

Mánudaginn 25. marzmánaðar.

Nr. 49/1894:

Skapti Jósefsson
gegn
Júliusi Havsteen.

D ó m u r :

Hinn skipaði umboðsmaður hins stefnda, sem hefur haft gjafvörn í málinu, hefur krafizt þess, að stefnunnni verði vísað frá rjettinum fyrir þá skuld, að hinum reglulega dómara, sem hafði málið til meðferðar frá því að það var byrjað og unzt það var tekið endilega undir dóm, hafi eigi verið stefnt með áfrýjunarstefnunnni til yfirdómsins, en að eins hinum setta dómara, sem kvað upp dóminn í málinu. Þá hefur hann og krafizt þess, að honum eða umbjóðanda hans, hinum stefnda, verði til dæmdar 50 kr. í kost og tæring eða einhver hæfileg upphæð eptir mati rjettarins. Til vara hefur hann óskað að fá vikufrest til andsvara í aðalefni málsins. Umboðsmaður áfrýjanda hefur mótmælt þessari frávísunarkröfu, en jafnframt krafizt þess, að málskostnaður verði látinn falla niður, ef hún skyldi verða tekin til greina. Hann hefur getið þess, að dómari sá, er hafði málið til meðferðar þangað til búið var að taka það undir dóm, hafi fallið frá stefnu og birtingu hennar, en það verður ekki tekið neitt tillit til þessarar staðhæfingar hans, með því að hún er ósönnuð og styðst eigi við neitt það, sem fram er komið í málskjölunum.

Þar sem í N. L. 1—2—3 er ákveðið, að við áfrýjun sakar skuli stefna »dómaranum« (undir-dómaranum), er þetta orð svo víðtækt, að það nær ekki eingöngu til þess dómara, sem kveðið hefur upp dóminn í sök þeirri, sem áfrýjað er, heldur til allra þeirra dómara, sem hafa haft hana til meðferðar, sbr. einnig tilsk. 15. ágúst 1832, 18. gr., og með því að dómara þeim, sem hafði mál þetta til meðferðar til þess er það var tekið undir dóm, eigi hefur verið stefnt við áfrýjun þessa, ber því ex officio að vísa stefnunni í máli þessu frá rjettinum og dæma jafnframt áfrýjanda til að greiða hinum skipaða málflutningsmanni stefnda samkvæmt kröfu hans hæfilega upphæð í kost og tæring, er ákveðst 12 kr. Það vottast, að vörn málsins af hans hendi hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Stefnunni í máli þessu frá vísast. Áfrýjandi Skapti Jósepsson greiði hinum skipaða málflutningsmanni hins stefnda, cand. juris Hannesi Thorsteinson, 12 — tólf — krónur í kost og tæring innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.